

LÖG

**um breytingu á lögum nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslu-
miðlun innan sjávarútvegsins, með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. tölul. 9. gr. laganna orðast svo:

Til Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Vélstjórafélags Íslands.

2. gr.

Við 9. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Sjávarútvegsráðherra setur reglur um skiptingu fjár milli samtaka sem getið er í 2. og 3. tölul. 1. mgr. Skal við þá ákvörðun taka mið af fjölda félagsmanna sem við fiskveið-
ar vinna.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. maí 1992.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

Nr. 46

1. júní 1992

LÖG

**um breytingu á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda,
með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. og 2. mgr. 31. gr. laganna orðast svo:

Sektir skv. 30. gr. skulu úrskurðaðar af yfirséttanefnd nema máli sé vísað til opin-
berrar rannsóknar og dómsmeðferðar skv. 2. mgr. Skattrannsóknarstjóri sendir yfirséttan-
nefnd mál til úrskurðar. Við meðferð mála hjá yfirséttanefnd skal veita sakborningi færi
á að halda uppi vörnum. Úrskurðir yfirséttanefndar eru fullnaðarúrskurðir og fylgir þeim
ekki vararefsing.

Rannsóknarlögregla ríkisins fer með frumrannsókn opinberra mála vegna brota á lög-
um þessum. Skattrannsóknarstjóri getur vísað máli til opinberrar rannsóknar af sjálfs-

dáðum, svo og eftir ósk sakbornings ef hann vill ekki hlíta því að mál hans verði afgreitt af yfirskattanefnd skv. 1. mgr.

2. gr.

Í stað orðsins „sektarnefnd“ í 2. málsl. 4. mgr. 31. gr. laganna kemur: yfirskattanefnd.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1992.

Gjört í Reykjavík, 1. júní 1992.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Friðrik Sophusson.

LÖG

um almenna fullorðinsfræðslu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

Markmið og gildissvið.

1. gr.

Markmið laga þessara er að

- stuðla að jafnrétti fullorðinna til að afla sér menntunar án tillits til búsetu, aldurs, kyns, starfs eða fyrri menntunar,
- fullorðnir hafi hliðstæð tækifæri til náms og nemundur í grunn- og framhaldsskólum,
- skapa fullorðnum skilyrði til aukins þroska og alhliða menntunar sem nýtist í starfi, fjölskyldulífi og tómstundum og stuðlar að virkri þátttöku einstaklingsins í samfélaginu,
- skapa, í samræmi við fjárveitingar á hverjum tíma, fræðsluaðilum skilyrði til að þeir geti boðið þátttakendum viðunandi nám og námsaðstöðu.

2. gr.

Lög þessi taka til eftirfarandi þátta:

- Náms á grunn-, framhalds- eða háskólastigi sem skipulagt er sérstaklega fyrir fullorðna og ekki er fjallað um í öðrum lögum.
- Almennrar lýðfræðslu og tómstundanáms sem ekki fellur undir a-lið.
- Þróunarstarfs innan almennrar fullorðinsfræðslu.

II. KAFLI

Yfirstjórn fullorðinsfræðslu.

3. gr.

Menntamálaráðherra skipar 13 manna fullorðinsfræðsluráð til tveggja ára. Í ráðið skal skipa á eftirfarandi hátt: Einn fulltrúa menntamálaráðuneytisins, einn tilnefndan af félags-